

105. gr.

Sektir allar samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

XIX. KAFLI

Gildistaka.

106. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma fyrst til framkvæmda við almennar sveitarstjórnarkosningar í maí 1998. Jafnframt falla úr gildi 12.–19. gr., 1., 3. og 4. mgr. 20. gr., 21.–34. gr. og 36.–39. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, með síðari breytingum.

Gjört á Bessastöðum, 6. mars 1998.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

*Páll Pétursson.***AUGLÝSING****um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 9. mars 1998.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.